

Reykjavík, 18. september 2018

SFS2018080156

144. fundur

HG/hl

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gerð verði könnun á þörf fyrir fleiri sérskólaúrræði

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 54. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018, ásamt greinargerð, vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að foreldrar/aðstandendur grunnskólabarna verði spurðir hvort þeir telji þörf á fleiri sérskólaúrræðum, frekari úrræðum innan núverandi skóla eða blöndu af hvoru tveggja. Spurningin gæti verið með fimm svarmöguleikum með miðju og jafnmörgum neikvæðum og jákvæðum svörum: 1. Átt þú barn sem þarf á sérstökum stuðningi að halda í skóla (vegna vísbendinga/greiningar um lesblindu, sértæka námserfiðleika eða frávika í vitsmunabroska; raskana t.d. ADHD, asperger eða einhverfuróf og/eða annarra tilfinninga-, hegðunar og félagslegra vandamála) 2. Ég tel að fjölga þurfi sérskólaúrræðum (t.a.m. fyrir börn með þroskahamlanir sbr. úrræði eins og Klettaskóla og sérdeildir með sérhæft hlutverk vegna barna með miklar sérþarfir í námi, meðal annars vegna geðraskana og annarra alvarlegra hegðunarvandamála) mjög ósammála; frekar ósammála; hvorki sammála né ósammála; frekar sammála; mjög sammála. 3. Ég tel að fjölga þurfi úrræðum innan núverandi skóla til að styrkja stefnuna um skóla án aðgreiningar. Mjög ósammála; frekar ósammála; hvorki sammála né ósammála; frekar sammála; mjög sammála. Mikilvægt er að skoðanir barnanna sjálfara nái fram í umræðuna. Þar væru viðtöl og vettvangsheimsóknir gagnleg leið til að safna upplýsingum.

Foreldrakönnun varðandi skólastarf er reglulega lögð fyrir foreldra í Reykjavík. Ekki hefur verið spurt beint að því hvort foreldrar telji þörf fyrir fleiri sérskólaúrræði, frekari úrræðum innan núverandi skóla eða blöndu af hvoru tveggja. Spurt er hins vegar um mat foreldra á því hvort þeir telji að skólinn sé að mæta sínu barni s.s. hvort þeir telji að barnið fái góðan stuðning frá kennurunum, hvort því líði vel í skólanum og hvort það taki stöðugum framförum í námi. Einnig er foreldrum gefinn kostur á að koma því á framfæri um skólastarfið sem þau telja mikilvægt að komi fram. Þar hafa komið fram einhverjar athugasemdir varðandi stuðning og sérþarfir en þær eru ekki margar og gefa ekki vísbendingar um vilja eða álit foreldra almennt.

Ef leggja á fyrir slíka könnun þarf að vinna markvissa og mikla forvinnu svo niðurstöður hennar verði marktækar og áreiðanlegar. Skilgreina þarf vel hvað átt er við með einstaka hugtökum t.d. með sérskólaúrræðum, vinna þarf spurningar þannig að þær verði ekki leiðandi, ákveða þarf hvort spyrja eigi alla foreldra og öll börn eða eingöngu foreldra barna með fötlun/sérþarfir og börn með fötlun/sérþarfir. Ef allir foreldrar eru spurðir þarf að skoða vel sérstaklega mat foreldra þess nemendahóps sem um ræðir og þeirra nemenda.

Einnig þarf að gefa foreldrum kost á að koma hugmyndum sínum á framfæri varðandi slík úrræði, hvað þeir leggi áherslu á að barnið fái í slíku úrræði, í hvernig nemendahópi þeir sjái sitt barn fyrir sér og hve sveigjanlegt slíkt úrræði eigi að vera að mati foreldra og barna.

Ef samþykkt verður að fara af stað með svo viðamikla könnun til allra foreldra og barna sem njóta sérstaks stuðnings með viðtölum og vettvangsheimsóknum, er það mikil og flókin vinna sem kallar á mikinn mannafla sem ekki rúmast innan núverandi fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Til upplýsinga eru sérúrræði í borginni nú:

- Klettaskóli fyrir nemendur með þroskahömlun
- Brúarskóli fyrir nemendur sem eiga í alvarlegum geðrænum, hegðunar- eða félagslegum erfiðleikum
- Sex sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu sem staðsettar eru í sex almennum grunnskólum
- Táknmálssvið fyrir alvarlega heyrnarskerta og heyrnarlausa nemendur

Stoðþjónusta í almennum grunnskólum:

- Í 30 af 34 borgarreknum almennum grunnskólum eru starfrækt námsver í einhverri mynd.
- Í öllum borgarreknum almennum grunnskólum starfar sérhæft fagfólk s.s. sérkennarar.
- Í a.m.k. 21 borgarreknum almennum grunnskólum starfa þroskajálfar.
- Allir grunnskólar í borginni skila árlega inn til skrifstofu skóla- og frístundasviðs heildaráætlun um þann stuðning sem þeir veita á hverju skólaári.

Ráðgjafarþjónusta við almenna grunnskóla:

- Skólaþjónusta sem er staðsett á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar þjónar öllum grunnskólum í borginni. Boðið er upp á ráðgjöf sálfræðinga, kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga.
- Allir skólar í borginni hafa aðgang að ráðgjöf frá Klettaskóla og einhverfudeildum.
- Í Brúarskóla er starfrækt sérstakt ráðgjafarsvið sem allir skólar hafa aðgang að.
- Verið er að setja á stofn tvö farteymi vegna nemenda með fjölpættan vanda. Í hvoru teymi munu starfa átta sérfræðingar á sviði hegðunar, geðraskana og félagslegs vanda.